

Drög að reglugerð um skólamót KKÍ:

Réttur til þátttöku

1. gr. Skólamót KKÍ skiptast í tvær keppnir
Grunnskólamót KKÍ
Framhaldsskólamót KKÍ.
2. gr. Rétt til að senda lið til þátttöku í Grunnskólamóti KKÍ eiga allir skólar á grunnskólastigi.
Rétt til að senda lið til þátttöku í Framhaldsskólamóti KKÍ eiga allir skólar á framhaldsskólastigi og sérskólar.
Um Háskóla Íslands gilda þó þær sérreglur að einstökum deildum innan hans er heimilt að senda flokka til keppni, en skólinn í heild hefur ekki þátttökurétt.

3. gr. Gjaldgengir til þátttöku eru allir skráðir nemendur í viðkomandi skóla þann vetur sem keppnin fer fram. Enginn leikmaður má keppa með fleiri en einu liði í sama aldursflokki eða fyrir fleiri en einn skóla sama keppnistímabil.

Aldursflokkaskipting

4. gr. Í Framhaldsskólakeppni er leikið í karlaflokk og kvennaflokk.
Í Grunnskólamótinu er keppt í þessum flokkum:
 - Stúlknaflokk 12-15 ára
 - Yngri flokki drengja 5. aldursflokk karla 12-13 ára
 - Eldri flokki drengja 4. aldursflokk karla 14-15 ára.

Fjöldi þátttökuliða

5. gr. Hverjum skóla er heimilt að senda eins mörg lið til keppni í hverjum aldursflokk og hann óskar. Þegar tvö lið eða fleiri eru skráð til þátttöku skal auðkenna þau með bókstöfunum A,B,C o.s.frv.

Páttökugjöld

6. gr. Stjórn KKÍ ákveður páttökugjald. Greiða skal ákveðið gjald fyrir hvern aldursflokk án tillits til fjölda liða sem tilkynnt eru. Þannig er greitt sama gjald fyrir tvö eða fleiri lið og eitt lið.
Skóli sem sendir lið til páttöku í öllum aldursflokkum grunnskóla greiðir hálft gjald fyrir stúlknaflokk.

Framkvæmd keppninnar

7. gr. Stjórn KKÍ ákveður fyrir komulag keppninnar hverju sinni. Ef 7 lið eða fleiri tilkynna páttöku í einhverjum flokki skal leikið í riðlum.
Sigurvegarar í riðlum leika síðan til úrslita. Við niðurröðun í riðla skal taka tillit til óska páttöku-liða verði því við komið. Riðlaskipting skal fylgja landshlutum eftir því sem við verður komið.
8. gr. Stjórn KKÍ ákveður fyrirkomulag úrslitakeppninnar og annast framkvæmd hennar eða fær sérstakan aðila til að annast hana.

Leikreglur

9. gr. Í Framhaldsskólamóti skal leikið eftir venjulegum leikreglum. Leiktími miðast við meistaraflokk.
Í Grunnskólamótinu er leikið eftir sérstökum leikreglum í riðlakeppni. Þessar reglur gefur stjórn KKÍ út.
Í úrslitakeppni er leikið eftir venjulegum leikreglum.
Leiktími Stúlknafloks miðast við 3. flokk kvenna.
Leiktími drengjanna miðast við 4. og 5. flokk karla.

Páttökutilkynningar

10. gr. Páttöku í slíkamótum KKÍ skal tilkynna eigi síðar en 20. október. Stjórn KKÍ skal auglýsa eftir páttökutilkynningum með góðum fyrirvara.
Öllum páttökuliðum síðasta keppnistímabilis skal

tilkynnt bréflega um nýtt mótt.

11. gr. Með þátttökutilkynningu skal hver skóli senda nafn sérstaks samstarfsmanns sem annast samskipti við KKÍ.

Verðlaun

12. gr. Keppt er um Íslandsmeistaratitil í öllum flokkum. Sigurvegarar fá farandbikar til varðveislu næsta ár. Bikar vinnst til eignar ef sami skóli vinnur hann þrisvar í röð eða fimm sinnum alls. Veitt eru gullverðlaun og silfurverðlaun, 13 peningar hvoru liði.